



ÁLAGNING FASTEIGNAGJALDA BLÖNDUÓSBÆJAR ÁRIÐ 2014

Álagningarseðlar verða aðgengilegir á www.island.is og eru sendir öllum gjaldendum 70 ára og eldri. Greiðsluseðlar eru ekki sendir til gjaldenda nema þess sé óskað sérstaklega. Þeir munu birtast í íbúagátt á heimasíðu Blönduósbæjar, www.blonduos.is. Engin breyting verður hjá þeim sem áður hafa óskað eftir boðgreiðslum eða eru í greiðsluþjónustu. Hægt er að óska eftir að fá senda greiðsluseðla í afgreiðslu Blönduósbæjar sem veitir allar frekari upplýsingar um álagninguna í síma 455 4700.

Álagning fasteignaskatts:

A-hluti fasteignaskatts (íbúðarhúsnæði og hesthús í þéttbýli) er 0,46% af hús- og lóðarmati

B-hluti fasteignaskatts (opinbert húsnæði) er 1,32% af hús- og lóðarmati

C-hluti fasteignaskatts (atvinnuhúsnæði og annars húsnæðis) er 1,60% af hús- og lóðarmati

Vatnsgjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,30% af hús- og lóðarmati

Holræsagjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,275% af hús- og lóðarmati

Lóðarleiga fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 2,0% af fasteignamati lóðar, fyrir ræktunarlóðir 0,60 kr. á m² að lágmarki 8.000 kr.

Sorpgjöld: Innheimt á hverja íbúð vegna sorphirðu: kr. 19.700,-
Innheimt á hverja íbúð vegna sorpeyðingar: kr. 19.700,-
Innheimt á sumarhús, hesthús og gripahús vegna sorpeyðingar: kr. 19.700,-

Reglur um afslátt fasteignaskatts 2014.

1. gr.

Umsækjandi skal hafa átt lögheimili í Blönduósbæ 1. desember 2013.

2. gr.

Rétt til afsláttar hafa elli- og örorkulífeyrisþegar, á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

3. gr.

Niðurfelling á fasteignaskatti er tekjutengd og getur mest orðið kr. 50.000,-

4. gr.

Tekjumörk á árinu 2013 eru sem hér segir: (75% af tekjuviðmiði TR)
Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að kr. 2.361.260 fá 100% afslátt.
Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að kr. 2.976.450 fá 0% afslátt.

Hjón með skattskyldar tekjur allt að kr. 3.518.100 fá 100% afslátt.

Hjón með skattskyldar tekjur allt að kr. 4.533.100 fá 0% afslátt.

Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.

5. gr.

Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.

6. gr.

Falli aðstæður ekki undir ákvæði reglna þessara skal bæjarráð úrskurða um lækkun eða niðurfellingu.

7. gr.

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings er sóttur vérlænt á vef Ríkisskattstjóra www.rsk.is í gegnum álagningarkerfi Fasteignaskrár Íslands.

8. gr.

Ekki þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

9. gr.

Athugasemdir vegna útreiknings afsláttar skulu berast skriflega til skrifstofu Blönduósbæjar eigi síðar en 1. júní 2014.

Gjalddagar álagðra fasteignagjalda umfram kr. 20.000,- eru: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september og 1. október. Gjaldtagi álagðra fasteignagjalda undir kr. 20.000,- er 1. maí 2013.

Eftirfarandi gjaldskrá var tekin fyrir og samþykkt á fundi bæjarstjórnar Blönduósbæjar 10. desember 2013.

Bæjarstjórnin á Blönduósi, 27. janúar 2014.

Arnar Þór Sævarsson